



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð

68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti

Bolungarvík 6.-7. október 2023

Föstudaginn 6. og laugardaginn 7. október 2023, er 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Félagsheimilinu í Bolungarvík, þingið er sett kl. 09:50.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

### Þingsetning

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Jóhanna Ösp Einarisdóttir setur þingið og býður þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerir að tillögu að þingforseti verði Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar. Tillagan er samþykkt og tekur þingforseti Jón Páll Hreinsson við fundarstjórn, býður hann gesti og þingfulltrúa velkomna og þakkar traustið.

Þingforseti gerir að tillögu sinni að Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps verði varaþingforseti og að ritara þingsins verði Steinunn Ása Sigurðarsdóttir og Guðrún Anna Finnbogadóttir, starfsmenn Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt.

Þingforseti fer yfir dagskrá þingsins, sjá þingskjal nr. 1. Þingforseti vekur svo athygli á að þinghald er opið og í streymi og verða þingfulltrúar og aðrir gestir að koma í ræðustól af þeim sökum. Vekur athygli á að hádegishlé sé snemma og að í hléinu verði fundur Ofanflóðasjóðs með Vesturbyggð, Súðavíkurhreppi og Ísafjarðarbæ.

Áður en gengið er til dagskrár fer þingforseti yfir nokkur praktísk atriði.

Fyrir þinginu liggja sem stendur 17 mál, þingforseti vekur athygli á að enn er tekið við málum og skuli þau skv. 5. gr. þingskapa, berast skriflega. Sama gildir um breytingatillögur. Þingforseti minnir á að þeir sem ekki hafa lagt fram ályktanir skuli senda þær þegar til ritara þannig að hægt verði að leggja þær fram sem fyrst.

Þingforseti kynnir að tillaga væri komin fram um að Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ verði formaður allsherjarnefndar og varaformaður verði Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi og kannar hvort þingfulltrúar hefðu fleiri tillögur til formanns og varaformanns. Engar fleiri tillögur voru lagðar fram og telst þá tillagan samþykkt. Þingforseti kynnir að tillaga sé komin fram um að Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi verði formaður stjórnskipulagsnefndar. Engar fleiri tillögur voru lagðar fram og telst þá tillagan samþykkt.

Þingforseti fer yfir mætingu á þingið og atkvæðavægi. Mættir voru 42 þingfulltrúa með 91% eða 9158,2 atkvæði en 9% eða 1486,8 voru dauð atkvæði.

### Ávarp formanns - Jóhanna Ösp Einarisdóttir

Jóhanna ávarpar þingið, býður öll velkomin og fer yfir störf undanfarins árs. Hún fer yfir ályktanir síðasta fjórðungsþings að hausti. Hún segir frá stöðu hvernig ályktunar og hvernig var unnið með þær. Hún segir að 67. Fjórðungsþing að hausti hafi skilað bæði verkefnum sem er lokið, verkefnum sem er enn verið að vinna að og verkefnum sem eru að hefjast. Henni finnst mikilvægt að tengja þingin saman og að sveitastjórnarfulltrúar geri sér grein fyrir að það er unnið að krafti að því að

fylgja eftir ályktunum og það er engin uppgjöf í okkar fólki sem vinnur að heilindum fyrir Vestfirði. Að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 4.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarnal/FV/Fjordungsting/68thing/haust/alyktani rsamth/thingskjal-4-avarp-formanns.pdf>

Þingforseti þakkar formanni fyrir ávarp og gefur orðið laust fyrir stuttar fyrirspurnir. Enginn kveður sér hljóðs.

Þingforseti tilkynnir tilhliðrun í dagskrá, um að kynntar verði tillögur fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins, þar sem að gestir sem ætlun var að yrðu næstir á dagskrá með ávarp, eru nýkomnir í hús.

### **Framlagning þingmála**

Þingforseti kynnir að hann muni gefa orðið laust um tillögur fjárhagsnefndar í einu lagi eftir að þær hafa verið kynntar

Til máls tekur Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað og formaður fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins. Hann notar tækifærið bíður þingfulltrúa velkomna til Bolungarvíkur en kynnir síðan tillögur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands, tillögurnar eru;

Tillaga um laun stjórnar og nefnda sjá þingskjal 5a,

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga, sjá þingskjal 5b,

Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sjá þingskjal 5c

Kynnti Baldur síðan greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2024, sjá þingskjal 5d.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunum er vísað til síðari umræðu og afgreiðslu á laugardag n.k.

**Ávarp gesta** – Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í ávarpi sínu talar Heiða Björg um breytta starfshætti sambandsins, að sameinast um stóru málin og eyða minni tíma í það sem þau eru ekki sammála um. Hún óskar Bolvíkingum til hamingju með að ná 1000 manna íbúafjölda. Hún talar um að sambandið hafi lagt mikla áherslu á aukið samstarf við landshlutasamtök t.d. með mánaðarlegum fundum formanna og framkvæmdastjóra sambandsins og landshlutasamtaka. Hún ræddi mikilvægi þess að tala saman, út á við, erlendis og gagnvart ríkinu að við vitum hvað sé mikilvægt. Hún sagði mikilvægt að missa ekki fókus á Sóknaráætlunum og missa ekki verkefni frá landshlutasamtökunum.

Heiða Björg segir sambandið sé að ráða til sín starfsmann með fjármagni frá Umhverfissráðuneyti sem vinnur með landshlutasamtökum og sveitarfélögum í að sækja fjármagn erlendis frá. Við þurfum að breyta áherslum þannig að ungt fólk velji að flytja aftur heim til Íslands að námi loknu. Reyna að vinna með fólki og styrkja það með því góða sem það er að gera. Sameinast um stóru línurnar, nýta sambandið til að taka stór skref hratt og segist hlakka til að vinna það saman með sveitarfélögunum.

Þingforseti þakkar Heiðu og gefur orðið laust fyrir stuttar fyrirspurnir. Enginn kveður sér hljóðs

**Ávarp gesta** – Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Arnar byrjar á að tala um hlutverk landshlutasamtaka og hvað gríðarlega mikilvæg þau eru en þau séu líka misjafnlega stór og sterk eftir landssvæðum. Sem bæjarstjóri horfðu Húnvetningar til Fjórðungssambandsins, hvað þeirra vinna skilaði sér vel í hagsmunagæslu og að keyra fram mál gagnvart stjórnvöldum. Það skipti líka miklu máli hvað kjörnir fulltrúar eru tilbúnir að fela landshlutasamtökum mikið hlutverk við framkvæmd sveitarstjórnarmála, hvatning til að gefa landshlutasamtökunum svigrúm til að vinna að sameiginlegum málum svæðanna.

Hann segir sambandið vilja eiga nánara og betra samband við landshlutasamtökin og það sé mjög mikilvægt í allri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin öll.

Hann segir frá að stjórn sambandsins hafi samþykkt nýtt skipurit síðasta föstudag. Markmiðið með þessum breytingum er að gera gott samband betra. Ætlunin er að efla ábyrgðarkeðjuna og taka stór mál á hverju ári á þingi sveitafélaganna. Vilja að þau taki upp á hverju þingi einstök mál og að skerpa á áherslunni á hverju þingi. Síðan er það hlutverk stjórnarinnar og sambandsins að vinna þeim málum brautargengi. Næsta landsþing verði í mars, þegar sé hafin vinna að undirbúningi og hlakka til að vinna með ykkur þar. Áherslan á að styrkja áherslur þriggja sviða, fækkað úr fimm. Mikil teymisvinna rauður þráður í skipuritinu. Nýtt starf, samskiptastjóri sem mun starfa með þeim og viðkomandi mun ekki sérstaklega koma fram fyrir hönd sambandsins heldur samræma þau skilaboð sem komið er á framfæri. Skiptir gríðarlega miklu máli að rétt skilaboð séu send út.

Munu leggja áherslu á söfnun upplýsinga og fjárhagsupplýsinga frá sveitarfélögum. Sú vinna er hafin, starfsfólk sambandsins mun fara í að fá fjárhagsupplýsingar sveitarfélaga til sín, tvíþætt hugmyndafræði, að fá upplýsingar og geta komið þeim þannig á framfæri og borið saman við önnur sveitarfélög. Gaman og ánægjulegt að vera kominn til ykkar og hlakkar til að vinna með ykkur, vinna fyrst og fremst fyrir ykkur. (Vinna fyrir okkur, eða “hlakka til að vinna með ykkur”)

Þingforseti gefur orðið laust fyrir stuttar fyrirspurnir.

Til máls tekur Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi.

### **Framlagning þingmála**

Þingforseti felur varþingforseta stjórn þingsins. Varþingforseti biður þingfulltrúa í ljósi þéttrar dagskrár fyrir hádegið að beina sem mest af umræðu um ályktanir síðar í dag eða á nefndarfundi á morgun.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að ályktun um orkumál – Vestfirðir úr biðflokki í verkefnaflokk.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 6.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að ályktun um gerð loftlagsstefnu.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 7.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að ályktun um samgöngur.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 8.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að ályktun um endurmat snjóflóðahættu.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 9.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að ályktun um samfélag, menningu og menntun.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 10.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að ályktun um Menntastefnu Vestfjarða.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 11.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi sem leggur fram tillögur að ályktunum stjórnar. Tillaga að breytingu samþykktu FV – Ungmennaráð.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, þingskjal 12.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ

Tillögunni vísað til stjórnskipulagsnefndar.

Varaþingforseti þakkar fyrir sig í bili og felur þingforseta aftur stjórn þingsins.

Þingforseti tekur við stjórn þingsins.

Til máls tók Þorgeir Pálsson, Strandabyggð sem leggur fram tillögu að ályktun um Súðavíkurgöng.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 13.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Þorgeir Pálsson, Strandabyggð sem leggur fram tillögu að ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 14.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Þorgeir Pálsson, Strandabyggð sem leggur fram tillögu að ályktun um heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 15.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Þorgeir Pálsson, Strandabyggð sem leggur fram tillögu að ályktun um fjarveru þingmanna á þingmannafundi.

Flutningsmaður: Sveitarstjórn Strandabyggðar, þingskjal 16.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi sem leggur fram tillögu að ályktun um að málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis verði rædd á haustþingi.

Flutningsmaður: Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi, þingskjal 17.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstað sem leggur fram tillögu að ályktun um fiskeldi.

Flutningsmaður: Kristján Jón Guðmundsson, þingskjal 18.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Teitur Björn Einarsson, alþingismaður og ræddi stuðning við fiskeldi.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstað sem leggur fram tillögu að ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó.

Flutningsmaður: Kristján Jón Guðmundsson, þingskjal 19.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, Vesturbyggð sem leggur fram tillögu að ályktun um gjaldtöku í jarðgöng.

Flutningsmaður: Fulltrúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, þingskjal 20.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppur sem leggur fram breytingatillögu við greinagerð um ályktun um samgöngumál.

Flutningsmaður: Lilja Magnúsdóttir þingskjal 21.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað sem minnir á hafnarmálin.

Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Nanný Arna Guðmundsdóttir sem leggur fram tillögu að ályktun um lagareldi.

Flutningsmaður: Ísafjarðarbær, þingskjal 22.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, Vesturbyggð sem leggur fram tillögu að ályktun jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs.

Flutningsmaður: Fulltrúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, þingskjal 23.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð sem leggur fram tillögu að ályktun um Suðurfjarðagöng.

Flutningsmaður: Fulltrúar Vesturbyggðar, þingskjal 24.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Þingforseti þakkar fyrir og gerir þinghlé fyrir hádegishlé.

### **Um fjöllunarefni þingsins umhverfi og ímynd Vestfjarða**

Þingforseti setur þingið aftur kl. 12:32.

Þingforseti fer yfir að fyrirspurnir verði teknar eftir öll erindi á pallborði. Frummælendur eru fimm.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fer yfir málefna svið loftslagsmála, loftslagssáttmála SP frá 1992 og Kyoto bókunarinnar. Hann talar um orkumál, jarðhita, vatnsaflsvirkjanir og framtíðina. Hann talar einnig um skýrslu um uppbyggingu samfélaga þar sem fengnir voru þrír öflugir Vestfirðingar. Hann ræddi skörun verkefna og sameining stofnana.

Að öðru leyti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/manage/videos/872494287>

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis tekur til máls og fer yfir efnahagsævintýrið á Vestfjörðum og hvað við þurfum að gera til að það haldi áfram að styrkjast. Hann segir erfitt að byggja upp þar sem innviðir eru veikari miðað við restin af landinu. Það er þjóðhagslega arðbært að fjárfesta í innviðum hér vegna þess að það skilar sér í þjóðarbúið. Hann talar um erfitt ástand í vegamálum og að Vestfirðir standi aftar en restin af landinu, verðum ekki enn jafn framarlega að 25 árum samgönguáætlunar liðnum. Skoða yrði nýjar fjármögnunarleiðir til að breyta stöðunni.

Að öðru leyti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/manage/videos/872494598>

Björgvin Sævarsson, framkvæmdastjóri Yorth Group tekur til máls. Yorth Group sérhæfir sig í hringrásarhagkerfinu eða hringrásarsamfélaginu og vinna að verkefni á Reykhólum. Sérhæfa sig einnig í mælikerfum fyrir hringrásarhagkerfið. Hann fer yfir að það þurfi að breyta hvernig við skilgreinum árangur. Stjórnun á efnunum eitt það mikilvægasta þegar kemur að hringrás. Hann fer yfir verkefnið á Reykhólum.

Að öðru leyti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/manage/videos/872494092>

Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Vestfjarðastofu tekur til máls og fer yfir áskoranir í umhverfismálum þegar hann var að alast upp: rusl, skítur og mengun þar sem lausnin var að henda, brenna og skola út í sjó. Þau umhverfismál sem skipta sveitarfélögin mestu máli næstu árin eru úrgangsmál, fráveitumál og loftslagsmál. Svæðisáætlun um úrgangsmál væri í undirbúningi, markmið þar ætti að vera að lágmarka urðun og förgun. Töluverðar breytingar eru síðan fram undan varðandi kostnað í úrgangsmálum.

Að öðru leyti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/manage/videos/872494856>

Anna Sigríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofu tekur til máls og fjallar um ímynd Vestfjarða. Hún fer yfir hvaða orð fólk hugsar um þegar það heyrir „Vestfirðir.“ Hún segir ímynd staðar ekki vera einn hlut. Útávið og svo varðveisla þess sem er þar fyrir. Ráða til um hversu aðlaðandi eða fráhrindandi staðir verða. Fjölmiðlaumfjöllun síðustu mánaða hafi áhrif á ímynd.

Að öðru leyti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/manage/videos/872491926>

### **Pallborð**

Þingforseti gefur varaþingforseta Ólafur Þór Ólafsson stjórnina sem stýrir pallborðsumræðum. Í pallborði sátu;

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis

Björgvin Sævarsson, framkvæmdastjóri Yorth Group

Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Vestfjarðarstofu

Anna Sigríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri Vestfjarðastofa

Til máls tóku úr sal;

Þorgeir Pálsson Strandabyggð, Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ, Eva Sigurbjörnsdóttir

Árneshreppi, Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ, Eyjólfur Ármannson 6. þingmaður NV kjördæmis,

Jóhanna Ösp Einarisdóttir Reykhólahrepp, Lilja Magnúsdóttir Tálknafjarðarhrepp, Elías

Jónatansson orkubússtjóri, Matthías Sævar Lýðsson Strandabyggð, Guðrún Eggertsdóttir

Vesturbyggð, Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Vestfjarðastofu

Að öðru leyti vísast í upptöku á <https://vimeo.com/manage/videos/873340326>

Varaþingforseti felur þingforseta aftur stjórn þingsins og þakkar pallborðinu fyrir.

### **Vinnustofur og nefndarstörf**

Þingforseti gefur Sigríði Ó. Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra ásamt Jóhönnu Ösp Einarisdóttir, formanni orðið og fara þær yfir fyrirkomulag vinnu nefndar og vinnustofu.

Sjá nánar í gögnum þingsins,

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/vinnulag-allsherjarnefnd-.pdf>

Kl. 16:40 gerir þingforseti hlé á störfum þingsins til morguns kl. 9 og kynnir einnig að Bolungarvíkurkaupstaður hafi boðið þingfulltrúum í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.

### **Laugardagur**

Þingforseti setur þingið aftur 09:10

### **Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu fer yfir stöðu á Sóknaráætlun 2020-2024. Gefin var út endurskoðuð Sóknaráætlun árið 2023-2024 eða síðustu tvö ár sóknaráætlunarinnar. Áherslan er að setja aukna fjármuni í verkefni til að gefa þeim meira afl en um það eru deildar meiningar hvort betra sé að vera með mörg lítil verkefni eða fá stór og erfitt að finna einhverja algilda reglu. Hún fer yfir að orkuverkefnið Blámi hefði aldrei orðið til nema fyrir tilstilli aukafjármagns til Sóknaráætlunar. Á næsta ári verður hafin vinna að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða og nýrri Sóknaráætlun Vestfjarða fyrir árin 2025 – 2029 en hún telur mikla samlegð í því að vinna að þessum ályktunum saman.



Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs.

### **Nefndarstörf**

Þingforseti kynnir fyrirkomulag dagskrár. Nefndarstörf hefjast aftur kl. 9:30 með vinnuhópum allsherjarnefndar. Klukkan 11:00 er gert hlé á störfum og stjórnskiplagsnefnd hefur störf, þar sem að gestir þingsins, undirbúningshópur ungmennaráðs sem kjörinn var á ungmennaþingi 2022 kynnir sig. Fulltrúar hópsins eru Soffía Rún Pálsdóttir Ísafjarðarbæ, Andrés Páll Ásgeirsson frá Tálknafjarðarhreppi og Ali Murtadah Kamil Jasim Sultan AL-Saedi frá Súðavíkurreppi fara yfir tillögu um stofnun ungmennaráðs, samkvæmt efni þingskjals 12.

Þingforseti setur þingið að nýju kl.12:30

### **Afgreiðsla ályktana**

Þingforseti tilkynnir að streymi sé aftur hafið og að þeir sem ætla að tjá sig um ályktanirnar fái hljóðnema til þess eða koma í ræðustól og minnir á að kynna sig með nafni.

Þingforseti fer yfir að hver hópstjóri úr allsherjarnefnd fari með ályktanir síns hóps.

*Flutningsmaður Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar*

Ályktun um málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðarsvæðis. Þingskjal nr. 25 áður nr. 17.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.

Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó. Þingskjal nr. 26 var áður nr. 19.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Þorgeir Pálsson, Strandabyggð.

Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um lagareldi. Þingskjal nr. 27 var áður nr. 18 og 22.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Þingforseti gefur varaþingforseta stjórnina á meðan þingforseti kynnir ályktanir úr sínum hópi.

*Flutningsmaður Jón Páll Hreinsson, sveitarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar.*

Ályktun um orkumál. Þingskjal nr. 28 var áður nr. 6.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um gerð loftlagsstefnu. Þingskjal nr. 29 var áður nr. 7.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um endurmat ofanflóðahættu. Þingskjal nr. 30 var áður nr. 9.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tóku Bryndís Ósk Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðastofu og Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, Vesturbyggð.

Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum. Þingskjal nr. 31 var áður nr. 14.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs. Þingskjal nr. 32 var áður nr. 23

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tóku Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi og Þórdís Sif Sigurðarsdóttir, Vesturbyggð.

Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Varaþingforseti þakkar fyrir sig í bili og felur þingforseta aftur stjórn þingsins.

*Flutningsmaður Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhreppi*

Ályktun um samfélag og menningu. Þingskjal nr. 33 var áður nr. 10.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um Menntastefnu Vestfjarða. Þingskjal nr. 34 var áður nr. 11.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tók Þorgeir Pálsson, Strandabyggð.

Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um öryggisnet viðbragðsaðila á Vestfjörðum. Þingskjal nr. 35 var áður nr. 15.

Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Þingforseti gefur varaþingforseta stjórn þingsins.

*Flutningsmaður Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað*

Ályktun um gerð viðbragsáætlana vegna ofanflóða. Þingskjal nr. 36.

Þingforseti óskar, eftir með vísan til þingskapa, samþykki þingsins að tillagan verði tekin til afgreiðslu með einni umræðu. Samþykkt einróma.

Þingforseti gefur orðið laust um ályktunina.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi.

Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Varaþingforseti þakkar fyrir sig og felur þingforseta aftur stjórn þingsins.

*Flutningsmaður Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahreppi*

Ályktun um jarðgöng á Vestfjörðum. Þingskjal nr. 37 var áður nr. 13 og 24.

Þingforseti gefur orðið laust.

Til máls tóku Þorgeir Pálsson, Strandabyggð og Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um samgöngur út frá ímynd Vestfjarða. Þingskjal nr. 38 var áður nr. 8, 20 og 21 Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

*Formaður stjórnskipunarnefndar, Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps* Breytingar samþykktu FV – Ungmennaráð. Þingskjal nr. 39 var áður nr. 12. Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma og með lófaklappi.

*Formaður fjárhagsnefndar Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað* Tillaga um laun stjórnar og nefnda. Þingskjal 5a, Tillaga um árstíllag sveitarfélaga. Þingskjal 5b, Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Þingskjal 5c Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Þingskjal 5d Þingforseti gefur orðið laust. Enginn kveður sér hljóðs. Tillögur bornar upp til atkvæða og samþykkt einróma hver og ein.

### Önnur mál

Þingforseti gefur orðið laust.

Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs.

Þingforseti þakkar þingfulltrúum fyrir samstarfið, þakkar starfsfólki fyrir sína vinnu og öðrum fyrir þeirra framlag. Óskar eftir leyfi þingsins um að þingforseti og ritara gangi frá þinggerð eftir að þingi er slitið. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti kynnti að nú væri dagskrá tæmd, hann hefði þar með lokið störfum og gaf að lokum formanni orðið til þingslita.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir starfsamt þing og óskar öllum góðrar heimferðar, hún sleit síðan 68. Fjórðungsþingi Vestfirðinga kl.13:55.

Jón Páll Hreinsson, þingforseti  
Ólafur Þór Ólafsson, varaþingforseti

Steinunn Ása Sigurðardóttir, þingritari  
Guðrún Anna Finnbogadóttir, þingritari

**Þingskjöl 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti****Þingskjal 1, Dagskrá**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/dagskra-27.sept-2023-thingskjal-1-.pdf>

**Þingskjal 2, Atkvæðavægi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-2-atkvaedavaegi-2023.pdf>

**Þingskjal 3, Samþykktir og þingsköp**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/fv-samthykkir-og-thingskop-23.-okt-2021-.pdf>

**Þingskjal 4, Skýrsla stjórnar**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktanirsamth/thingskjal-4-avarp-formanns.pdf>

**Þingskjal 5a, Tillaga um laun stjórnar og nefnda**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/tillaga-um-laun-stjornar-og-nefnda-2023.pdf>

**Þingskjal 5b, Árstíllag**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/arstillag-2024.pdf>

**Þingskjal 5c, Tillaga fjárhagsáætlun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/fjarhagsaaetlun-2024.pdf>

**Þinggerð 5d, Fjárhagsáætlun greinargerð**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/greinargerd-fjarhagsaaetlun-fv-2024.pdf>

**Þingskjal 6, Tillaga að ályktun um orkumál - Vestfirðir úr biðflokk í verkefnaflokk**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-6-alyktun-um-orkumal.pdf>

**Þingskjal 7, Tillaga að ályktun um gerð loftlagsstefnu**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-7-alyktun-um-gerd-loftlagsstefnu.pdf>

**Þingskjal 8, Tillaga að ályktun um samgöngur**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-8-alyktun-um-samgongur.pdf>

**Þingskjal 9, Tillaga að ályktun um endurmat snjóflóðahættu**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-9-alyktun-um-endurmat-snjoflodahaettu.pdf>

**Þingskjal 10, Tillaga að ályktun um samfélag - menningu og menntun**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-10-alyktun-um-samfelag-menningu-og-menntun.pdf>

**Þingskjal 11, Tillaga að ályktun um Menntastefnu Vestfjarða**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-11-alyktun-um-menntastefnu-vestfjarda.pdf>

**Þingskjal 12, Tillaga að breytingu samþykktu FV – Ungmennaráð**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-12-breyting-samthykktu-ungmennarad.pdf>

**Þingskjal 13, Tillaga að ályktun um Súðavíkurgöng**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-13-tillaga-ad-alyktun-um-sudavikurgong.pdf>

**Þingskjal 14, Tillaga að ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-14-tillaga-ad-alyktun-um-ljosleidaravaedingu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 15, Tillaga að ályktun um heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-15-alyktun-um-heilbrigdisthjonustu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 16, Tillaga að ályktun um fjarveru þingmanna á þingmannafundi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-16-alyktun-um-fjarveru-thingmanna.pdf>

**Þingskjal 17, Tillaga um að málefni Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis verði rædd á haustþingi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-17-alyktun-um-malefni-heilbrigdiseftirlit-vestfjardasvaedis.pdf>

**Þingskjal 18, Tillaga að ályktun um fiskeldi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-18-alyktun-um-fiskeldi.pdf>

**Þingskjal 19, Tillaga að ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-19-alyktun-um-fiskeldisgjald.pdf>

**Þingskjal 20, Tillaga að ályktun um gjald í jarðgöng**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-20-alyktun-um-gjald-i-jardgong.pdf>

**Þingskjal 21, Breytingatillaga við greinagerð við ályktun um samgöngumál**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-21-alyktun-um-samgongumal\\_breyting-a-greinargerd.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-21-alyktun-um-samgongumal_breyting-a-greinargerd.pdf)

**Þingskjal 22, Tillaga að ályktun um lagareldi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-22-alyktun-um-lagareldi.pdf>

**Þingskjal 23, Tillaga að ályktun um jöfnun kostnað vegna flokkunar og förgunar úrgangs**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-23-alyktun-um-jofnun-kostnad-vegna-flokkunar-og-for.pdf>

**Þingskjal 24, Tillaga að ályktun um Suðurfjarðagöng**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/thingskjal-24-alyktun-um-sudurfjardagong1.pdf>

**Þingskjal 25, Ályktun um málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani\\_rsamth/thingskjal-25-var-adur-17-alyktun-um-malefni-heilbrigdiseftirlit-vestfjardasvaedis1.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani_rsamth/thingskjal-25-var-adur-17-alyktun-um-malefni-heilbrigdiseftirlit-vestfjardasvaedis1.pdf)

**Þingskjal 26, Ályktun um skiptingu gjalds vegna fiskeldis í sjó**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani\\_rsamth/thingskjal-26-var-adur-19-alyktun-um-fiskeldisgjald1.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani_rsamth/thingskjal-26-var-adur-19-alyktun-um-fiskeldisgjald1.pdf)

**Þingskjal 27, Ályktun um lagareldi**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani\\_rsamth/thingskjal-27-var-adur-22-og-18-alyktun-um-lagareldi1.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani_rsamth/thingskjal-27-var-adur-22-og-18-alyktun-um-lagareldi1.pdf)

**Þingskjal 28, Ályktun um orkumál**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani\\_rsamth/thingskjal-28-var-adur-6-alyktun-um-orkumal.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani_rsamth/thingskjal-28-var-adur-6-alyktun-um-orkumal.pdf)

**Þingskjal 29, Ályktun um gerð loftlagsstefnu**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani\\_rsamth/thingskjal-29-var-adur-7-alyktun-um-gerd-loftlagsstefnu.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani_rsamth/thingskjal-29-var-adur-7-alyktun-um-gerd-loftlagsstefnu.pdf)

**Þingskjal 30, Ályktun um endurmat ofanflóðahættu**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani\\_rsamth/thingskjal-30-var-adur-9-alyktun-um-endurmat-snjoflodahaettu.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani_rsamth/thingskjal-30-var-adur-9-alyktun-um-endurmat-snjoflodahaettu.pdf)

**Þingskjal 31, Ályktun um ljósleiðaravæðingu á Vestfjörðum**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-31-var-adur-14-tillaga-ad-alyktun-um-ljosleidaravaedingu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 32, Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-32-var-adur-23-alyktun-um-jofnun-kostnad-vegna-flokkunar-og-for.pdf>

**Þingskjal 33, Ályktun um samfélag og menningu**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-33-var-adur-10-alyktun-um-samfelag-menningu-og-menntun.pdf>

**Þingskjal 34, Ályktun um Menntastefnu Vestfjarða**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-34-var-adur-11-alyktun-um-menntastefnu-vestfjarda.pdf>

**Þingskjal 35, Ályktun um öryggisnet viðbragsaðila á Vestfjörðum**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-35-var-adur-15-alyktun-um-heilbrigdisthjonustu-a-vestfjordum.pdf>

**Þingskjal 36, Ályktun um gerð viðbragðsáætlana vegna ofanflóða**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-36-tillaga-um-gerd-vidbragsaaetlanna-vegna-ofanfloda.pdf>

**Þingskjal 37, Ályktun um jarðgöng**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-37-var-adur-13-og-24-alyktun-um-jardgong.pdf>

**Þingskjal 38, Ályktun - Samgöngur út frá ímynd Vestfjarða**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-38-alyktun-um-samgongur.pdf>

**Þingskjal 39, Breytingar samþykktar FV – Ungmennaráð**

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/haust/alyktani/rsamth/thingskjal-39-var-adur-12-breyting-samthykkta-ungmennarad.pdf>